

Samstarfsyfirlýsing

Stjórn GEORG annars vegar og Fagráð *Iceland Geothermal* hins vegar (hér eftir samstarfsaðilar) gera með sér eftirfarandi

samkomulag um samstarf er varðar jarðvarmaklasa á Íslandi

Á Íslandi er einn jarðvarmaklasi. Innan hans eru tvær nálganir; annars vegar rannsóknar- og þróunardrifið (GEORG) og hins vegar fyrirtækjadrifið klasasamstarf (*Iceland Geothermal*).

Samstarfsaðilar eru sammála um að brýn þörf sé á góðri samvinnu og samskiptum á milli GEORG og *Iceland Geothermal*, svo aukið virði fái úr þeim verkefnum sem þeir standa fyrir. Einnig er þörf á samvinnu um verkefni til að koma í veg fyrir tvítekningar. Í því ljósi er mikilvægt að samstarfsaðilar ræði saman og að til staðar sé gott upplýsingaflæði þeirra á milli.

Á tímabilinu júlí 2011 til desember 2012 munu samstarfsaðilar vinna markvisst að reglulegum samskiptum, m.a. með:

- Reglulegum fundum Gekon og rekstrarstjóra GEORG.
- Samráði GEORG og *Iceland Geothermal* við skilgreiningu og markmiðasetningu samstarfsverkefna *Iceland Geothermal*.
- Upplýsingaveitu klasastjóra til stjórnar GEORG og fagráðs *Iceland Geothermal* um framgang mála.
- Fundum stjórnar GEORG og fagráðs *Iceland Geothermal*.

Með þessum hætti vinna samstarfsaðilarnir sameiginlega að uppbyggingu og styrkingu innviða jarðvarmaklasans með virðisauka að leiðarljósi. Um leið verði kannað hvort og hvernig samstarfsvettvangarnir tveir geti runnið saman.

Reykjavík, 28. júní 2011

F.h. stjórnar GEORG



Sigurður Magnús Garðarsson

F.h. fagráðs *Iceland Geothermal*



Hörður Arnarson